

Fundur foreldrafélags leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar skólaárið 2019-2020

19. maí 2020

Mættir: Andra Ýr Arnarsdóttir, Ásta Jóna Ásmundsdóttir, Bára Tómasdóttir, María Ragnarsdóttir og Inga María Sigurðardóttir.

Fundarefni:

1. Óskað var eftir skriflegu svari foreldrafélags leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar varðandi erindi frá skólastjóra Heiðarskóla: tillaga að breyttu tímaskipulagi í Heiðarskóla skólaárið 2020 -2021.
Stjórn foreldrafélags leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar lýsir yfir ánægju sinni með fyrirhugað tilraunaverkefni. Stjórn foreldrafélagsins telur að þetta sé mikið framfaraskref, sér í lagi þar sem mjög jákvæð reynsla var af styttri viðveru og starfsháttum í samkomubanni.
2. Ákveðið að fresta vorhátíð sem hefur verið í lok maí/byrjun júní. Skoðað verður að halda sambærilegt í haust.
3. Rætt um aðalfund og næsta skólaár. Allir aðalmenn eru tilbúnir að sitja áfram næsta skólaár ef enginn annar gefur kost á sér í stjórn. Rætt um að fræðsla foreldra um AK-HVA, ný svæðissamtök foreldra grunnskólabarna á Akranesi og Hvalfjarðarsveit. Upp kom hugmynd um að halda aðalfundinn sem barna/foreldrafund og leita leiða til að fá börn til að koma með hugmyndir um m.a. hvort og hvaða væntingar þau hefðu frá foreldrafélaginu. Eins mögulega að skoða samstarf hvort skólinn sé til í samstarf/samvinnu í tengslum við foreldrafélagið og bekkjarfulltrúa.

Fundargerð ritaði Ásta Jóna Ásmundsdóttir